

Gröf Egils Skallagrímssonar fundin?

Stór gröf fannst við fornleifauppgröft undir gólfi kórsins í kirkjustæðinu við Hrísrú í Mosfellsdal

Eftir Árna Helgason
arnihelgason@mbl.is

STÓR gröf hefur fundist í kirkjustæðinu við Hrísrú í Mosfellsdal og er hugsanlegt að um gröf Egils Skallagrímssonar sé að ræða.

Gröfin var undir gólfi kórsins í kirkjunni og í henni hafa fundist leifar af timbri.

Jesse Byock, sem stýrir uppgræftrinum við Hrísrú, segir ljóst að timburleifarnar séu úr líkkistu sem þar hafi legið og miðað við stærð grafarinnar sé líkkistan sú stærsta sem fundist hafi á svæðinu.

Ýmislegt bendir til þess að þetta hafi verið gröf Egils, þó að vitaskuld sé ekki hægt að fullrða það.

Fyrir það fyrsta er talið að gröfin sé frá því í kringum árið 1000 og ef rétt reynist fer sú tímasetning ágætlega saman við frásögn Egilssögu. Þar er talað um að Egill hafi verið færður úr haugi við Tjaldanes og að kirkjunni, sem var að öllum líkindum byggð skömmu eftir að Íslendingar tóku kristni.

Stór kista

Í öðru lagi benda allar lýsingar Egilssögu til þess að Egill hafi verið mun hærrí en flestir samtímamenn sínir og er hann meðal annars sagður „vel í vexti og hverjum manni hærri“. Miðað við stærð grafarinnar er talið að líkkistan hafi verið meira en tveggja metra löng.

Byock er þó ekki tilbúinn að fullrða að þarna hafi Egill legið. „Maður getur aldrei sagt,“ segir hann og bendir á að ekki sé hægt að segja að allt sem stendur í Egilssögu sé rétt.

Þegar grafarstæðið fannst kom í ljós að grafin hafði verið hola í moldina sem lá yfir gröfinni. Byock segist ekki vita af hverju holan hafi verið grafin en líklegt sé að einhver hafi viljað komast



Hópur ungmenna vinnur við að grafa upp veggstæði skammt frá kirkjunni.

Morgunblaðið/Porkell

að líkkistunni. Holan var hins vegar það lítil að ekki hefði verið hægt að ná kistunni upp um hana.

Egill færður eftir andlát sitt

Í Egilssögu er sagt frá því að Egill Skallagrímsson hafi eytt síðustu æviárum sínum í Mosfellsdal en talið er að hann hafi látist um árið 990. Hann var fyrst um sinn heygður í Tjaldanesi en Þórdís, bróðurdóttir hans, lét síðar flytja hann að kirkjunni í Mosfelli, sem Grímur Svertingsson, maður hennar, lét reisa.

Engin bein fundust í grafarstæðinu, sem fannst fyrir helgi,

en uppgröftur á svæðinu hefur staðið yfir undanfarin ár og hafa fundist um 20 beinagrindur á svæðinu, þar á meðal stór og mikil bein sem gætu verið bein Egils, þótt það sé ekki víst.

Þess má þó geta að í Eglu er sagt frá því að undir altarisstaðnum í kirkjunni hafi fundist mannabein, sem „voru miklu meiri en annarra manna bein“ og segir sagan að menn hafi þóst vita að þar væru bein Egils.

Veggur finnst norðanmegin

Byock segir að að öðru leyti gangi rannsóknir og uppgröftur vel og í sumar hafi strúktúr kirkjunnar verið skoðaður sér-

staklega. Þá hafi verið unnið að því að grafa upp veggstæði sem fannst norðanmegin við kirkjuna.

Hugmyndir eru uppi um að gera líkan að kirkjunni í fullri stærð og segir Byock að arkitektar og fleiri muni koma að þeirri vinnu. „Það er samt bara hugmynd,“ segir hann.

Þegar Byock er síðan að lokum spurður þeirrar spurningar sem Íslendingar allir vilja vita svarið við, nefnilega hvar silfur Egils sé niðurkomið, svarar hann hlæjandi: „Ég er með það í vasanum!“

Hann viðurkennir þó fljótt að silfrið sé enn ófundið og að sennilega sé lítil von til að það finnist.



Kirkjustæðið við Hrísrú. Fremst á myndinni má sjá gröfina þar sem hugsanlegt er talið að Egill hafi verið grafinn.